

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 616/1997, skal vera Norður-Hérað.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 621

15. október 1998

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps um útivistartíma barna og unglinga.

1. gr.

Útivistartími barna og unglinga í sameinuðu sveitarfélagi Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps skal vera sem hér segir:

	<u>Sunnudaga til fimmtudaga</u>		<u>Föstudaga og laugardaga</u>	
	<u>Vetur:</u>	<u>Sumar:</u>	<u>Vetur:</u>	<u>Sumar:</u>
6 ára (1. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
7 ára (2. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
8 ára (3. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
9 ára (4. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
10 ára (5. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 21.00	til kl. 22.00
11 ára (6. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
12 ára (7. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
13 ára (8. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00
14 ára (9. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00
15 ára (10. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00

Vetrartími samkvæmt ofangreindu er frá 1. september til og með 30. apríl, en sumartími frá 1. maí til og með 31. ágúst.

2. gr.

Aldursmörk samkvæmt þessum reglum miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ung-